

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 49 441.00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. Síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 2 500.00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 4 600.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 5 500.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970,
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 1 200.00 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 2 300.00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

26. apríl 1979.

Nr. 185.

GJALDSKRÁ

fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

I. KAFLI

1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar, í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, og hitafletir séu nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 300 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Fjarhituninni er heimilt að selja afnot hitaorkunnar á grundvelli varmamagnsmælingar.

Skal notkunargjaldið þá vera 7.50 kr./M CAL miðað við hitafall 40° C.

Sé hitafallið minna en 40° C er fjarhituninni heimilt að hækka notkunargjaldið til samræmis við aukningu í stofn- og rekstrarkostnaði.

5. gr.

Þegar afnot af fjarhituninni eru leyfð til annarra nota en húshitunar er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

A. Fyrir mæla allt að ¾"	kr. 2 000.00
B. Fyrir mæla allt að 2"	— 4 000.00
C. Fyrir mæla allt að 3"	— 8 000.00
D. Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.	